

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017, landnotkun á fyrrum varnarsvæðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin nær að stærstum hluta yfir svæði sem áður var hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli, sbr. skipulagsbreytingu undirritaða 8. apríl 2009 af utanríkisráðherra. Landnotkun á svæðinu er að mestu skilgreind sem opið svæði og óbyggt. Vatnsvernd á nyrsta hluta svæðisins fellur niður. Landnotkun á Rockville-svæðinu verður blanda af iðnaðarsvæði, athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Íbúðarsvæði sunnan núverandi byggðar í þéttbýlinu verða innleidd að nýju og gert er ráð fyrir stofnanasvæði í norðvesturhluta íbúðarsvæðisins. Einnig eru skilgreind öryggissvæði flugumferðar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. nóvember 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2009